

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

16. töluliður 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Að nöfn umsækjenda verði birt á opnum vef þjóðkirkjunnar að liðnum umsóknarfresti, hafi ekki verið óskað nafnleyndar. Nafnleynd umsækjenda á ekki við þegar um almennar prestskosningar er að ræða sbr. 13. gr. starfsreglnanna.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur ríkt leynd um nöfn umsækjenda um prestembætti. Þetta hefur sætt gagnrýni innan kirkjusamfélagsins, ýmist hjá þeim sem sækja um stöður sóknarpresta/presta og þeim sem fjalla um umsóknir við kjör á presti. Í núgildandi starfsreglum um val og veitingu prestsembætta er ákvæði í 13. gr. um heimild til almennra prestskosninga. Vandséð er hvernig að þær eigi að fara fram ef nafnleyndar er gætt við almenna prestskosningu. Flutningsmaður telur að með þessari tillögu sé gætt meðalhófs sem er til eftirbreytni í allri i stjórnsýslu kirkjunnar.